

GJALDSKRÁ

fyrir vatnsveitu Reykhólahrepps.

1. gr.

Vatnsgjald.

Vatnsgjald er 0,50% af heildarfasteignamati.

Sveitarstjórn Reykhólahrepps er heimilt að innheimta vatnsgjald af öllum fasteignum er vatns geta notið. Í þeim tilvikum sem matsverð fasteignar liggur ekki fyrir við álagningu vatnsgjalds, en fasteignin getur þó notið vatns frá vatnsveitu, er sveitarstjórn heimilt að ákveða upphæð vatnsgjalds. Það er gert með hliðsjón af áætluðu fasteignamati eignarinnar fullfrágenginnar, og ber þá að taka mið af fasteignamati sambærilegra fasteigna í sveitarfélaginu.

Vatnsgjald greiðist til sveitarsjóðs Reykhólahrepps og skulu gjalddagar vera hinir sömu og gjalddagar fasteignagjalda.

2. gr.

Notkunargjald.

Mælaleiga er 17.194 kr.

Verð á einingu er 36 kr. pr. m³.

Þar sem vatn frá vatnsveitu er notað til atvinnustarfsemi er sveitarstjórn heimilt að innheimta sérstakt notkunargjald er miðast við notkun mælda í rúmmetrum. Notkunargjald er innheimt eftir á skv. mældri notkun.

3. gr.

Heimæðagjald.

Heimæðagjald er 225.000 kr.

Eiganda lóðar ber að greiða gjald fyrir lagningu heimæðar skv. 5. gr. laga nr. 32/2004.

Heimæðagjald greiðist til sveitarsjóðs Reykhólahrepps og skal gjaldið innheimt við úthlutun lóðar sem er í eigu sveitarfélagsins eða það hefur ráðstöfunarrétt á, og við útgáfu byggingarleyfis á öðrum lóðum.

4. gr.

Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga, auk áfallins innheimtu-kostnaðar. Vatnsgjald skal tryggt með lögveði í viðkomandi fasteign í tvö ár eftir gjalddaga.

5. gr.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt ákvæðum 6. gr. laga nr. 32/2004 um vatnsveitur sveitarfélaga og reglugerðar 401/2005 um vatnsveitur sveitarfélaga.

Gjöld samkvæmt gjaldskránni, önnur en vatnsgjald, miðast við byggingavísitölu í desember 2024 (121 stig) og breytast í samræmi við hana árlega. Gjaldskráin öðlast gildi við birtingu, frá sama tíma fellur brott gjaldskrá sama efnis nr. 1726/2023.

Gjaldskrá þessi er samþykkt í sveitarstjórn Reykhólahrepps 11. desember 2024.

Reykhólahreppi, 11. desember 2024.

Ingibjörg B. Erlingsdóttir sveitarstjóri.